

eftirlit þetta á hendi. Verður því eigi talið að Kristján hafi gerzt brotlegur við 12. kap. siglingalaganna né 17. kap. alm. hegningarlaga.

Eigi verður Kristján heldur dæmdur til refsingar samkv. l. nr. 50 1924 né lögum nr. 40 1922 þar eð hegningarákvæði þeirra laga eiga aðeins við þá, er stunda þar um rædda atvinnu í heimildarleysi.

Ber því að sýkna hann af kröfum réttvisinnar og valdstjórnarinnar í máli þessu.

Samkvæmt þessu ber að dæma ákærða Jón Guðfinnsson til að greiða allan kostnað sakarinnar þar á meðal 50 kr. í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Jóhanns Bárðarsonar, kaupm. Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Mánudaginn 18. maí 1936.

**Nr. 114/1935. Valdstjórnin (Pétur Magnússon)**

gegn

**Sigurgeir Sigurðssyni**

(Sveinbjörn Jónsson).

Skaðabætur dæmdar vegna líkamsmeiðinga, er hlutust af ógætilegum bifreiðarakstri.

*Dómur lögregluréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar-kaupstaðar 25. júní 1934: Kærðu bifreiðarstjórnarnir Sigurgeir Sigurðsson, Syðra-Hóli í Öngulstaðahreppi og Helgi Árnason, Skálpagerði í sama hreppi, og ennfremur váttryggingafélagið Baltica h/f Reykjavík, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn Helga Stefánssyni á Þorustöðum í Öngulstaðahreppi f. h. sonar hans Stefáns Helgasonar 5517.60 — fimm þúsund fimm hundruð og sautján — krónur og 60 aura ásamt 5% ársvöxtum af þeirri upphæð frá 10. marz 1934 að telja þar til greitt er, þá greiði kærðu ásamt váttryggingarfélaginu Baltica h/f einnig in solidum Helga Stefánssyni 250 — tvö hundruð og fimmtíu — krónur í málskostnað.*

Dóminum að fullnægja innan þriggja sólarhringa frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur hæstaréttar.**

Eftir atvikum málsins, sem rétt er lýst í hinum áfrýjaða dómi, verður að telja kærða hafa fyrir óvarkárni orðið valdan að slysi því, er drengurinn Stefán Helgason varð fyrir þann 4. ágúst 1933. Með óvarkárni þessari hefir kærði gerzt brotlegur við 1. málsg. 15. gr. laga nr. 70/1931, um notkun bifreiða, og þykir refsing hans fyrir þetta brot hæfilega ákveðin, samkv. 14. gr. sömu laga, 100 króna sekt í ríkissjóð, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt framanskráðu verður að dæma kærða til að greiða bætur fyrir heilsuspjöll og þjáningar, er ofannefndur drengur, sem eigi verður talinn hafa skert rétt sinn til bóta, hlaut af slysi því, er áður greinir, svo og læknishjálp og spítalavist hans. Því er ekki mótmælt, að læknishjálp og spítalavist hafi kostað kr. 517.60, og verður því að dæma kærða til að greiða þessa upphæð. Upphæð skaðabótakröfunnar, sem faðir drengsins hefir ákveðið kr. 8000.00, hefir, einnig að því er kærða varðar, að því er virðist, verið mótmælt, og verður því að meta það, hversu há hún skuli metin.

Eftir að drengurinn var kominn á spítalann, hljóp drep í sárið, en það varð þó grætt með því að flytja skinn af læri á sárið, og með þeim árangri, er í hinum áfrýjaða dómi segir. En eftir uppkvaðningu dómsins hafa tveir læknar skoðað drenginn, annar 29. júní f. á., en hinn 4. apríl þ. á. Samkvæmt fyrri læknisskoðuninni gengur drengurinn haltur,

fóturinn stytur að mun, mjaðmargrindin skekkt, sigin hægramegin, og byrjandi hryggskekkja. Yfir brotsárinu er utanvert á leggnum ca. lófastór, sár, gljáandi örvefur. Telur læk'nirinn, að við framtíðarvinnu drengsins verði þessi örkuml vafalaust mjög til бага, þótt rétta megi grind og hrygg nokkuð með hækkuðum sóla. Eftir síðari læknisskoðuninni er ör á fætinum ofanvert við öklalið ca. 13×16 cm. að stærð, allt klætt mjög þunnri, sléttri og veiklulegri húð. Fóturinn er talinn stytur um 3 cm., og talsverður halli sést á mjaðmargrindinni, þegar drengurinn er látinn standa uppréttur með hæla og tær saman. Vottur af bjúg er í kringum ökla og á rist, og sjúklingurinn segir, að við áreynslu beri meira á bjúgmyndun á fætinum, jafnframt því sem hann þá fái verki í hann. Loks segir í síðara læknisvottorðinu, að þar sem nú sé liðið hálft þriðja ár frá því er slysið vildi til, verði litlar líkur taldar fyrir frekari bata.

Samkvæmt þessu virðist mega ætla, að drengurinn muni bera þungar og varanlegar minjar slyssins og að það muni hafa alvarlegar afleiðingar um atvinnumöguleika hans. Að þessu athuguðu virðist skaðabótabótakröfunni svo í hóf stillt, að taka beri hana til greina að öllu leyti. Og verður því að dæma kærða til að greiða hina kröfðu upphæð, alls kr. 8517,60, með 5% ársvöxtum frá 10. marz 1934 til greiðsludags.

Inn í málið hafa verið dregnar kröfur á hendur tveimur öðrum aðiljum, Helga Árnasyni og vátryggingarfélaginu Baltica, sem ekkert eru við brot kærða í máli þessu riðnir, nema að bifreiðin var skráð á nafn Helga, er slysið vildi til, þótt kærði væri þá orðinn eigandi hennar, og Baltica hafði

tekið að sér váttrygginguna samkvæmt bifreiðalög-  
unum. Með því að ekki verður dæmt um skyldur  
þessara aðilja vegna slyssins í opinberu máli á  
hendur bifreiðastjóranum, þykir verða að ómerkja  
hinn áfrýjaða dóm að því leyti sem hann geymir á-  
kvæði um bótaskyldu þeirra og visa kröfu í því  
efni ex officio frá héraðsdómi.

Meðferð héraðsdómarans, Steingríms Jónssonar,  
fyrirverandi bæjarfógeta á Akureyri og sýslumanns  
í Eyjafjarðarsýslu, á máli þessu hefir að ýmsu leyti  
verið aðfinnsluverð, og skal þetta sérstaklega tek-  
ið fram.

1. Í þinghaldi 10. marz 1934 segir, að krafa sé  
komin fram frá föður drengsins um málshöfðun af  
hálfu valdstjórnarinnar á hendur kærða og hinum  
tveimur áðurnefndu aðiljum „til sekta og skaða-  
bóta“, og síðar segir í sama þinghaldi, að dómari-  
inn „muni nú“ höfða slíkt mál á hendur þessum  
aðiljum öllum, en stefna var engin gefin út í mál-  
inu né nánari grein gerð fyrir því, hvert sakarefni  
væri eða eftir hvaða lögum mál væri höfðað. Þrátt  
fyrir þenna galla á höfðun málsins, þykir ekki full-  
næg ástæða til þess að ómerkja dóm og málsmeð-  
ferð, með því að kærði mátti vita, að málið hlyti  
að vera höfðað fyrir brot á bifreiðalögunum og til  
bóta vegna slíks brots, enda kom fram vörn í mál-  
inu varðandi bæði þessi atriði.

2. Í hinum áfrýjaða dómi segir, að ekki hafi  
komið fram „krafa frá aðilum um, að bifreiðar-  
stjórinn (þ. e. kærði) verði sektaður, og virðist lög-  
regluréttnum eftir þeim upplýsingum, sem fram  
eru komnar, ekki vera ástæða til dæma hann til  
sektagreiðslu“. Þrátt fyrir þessa einkennilegu og ó-  
fullkomnu rökfærslu fyrir þeirri ályktun dómari-

ans, að dæma kærða ekki til sektagreiðslu, þykir mega líta svo á, að í hinum tilvitnuðu orðum dómsins felist sýknun af refsikröfunni á hendur kærða, en ekki frávisun þeirrar kröfu, og þykir því ekki næg ástæða til að ómerkja dóminn vegna vöntunar á úrlausn um refsiatriði málsins.

3. Héraðsdómarinn hefir ekki sett í niðurlag dómsins nokkra athugasemd um úrlausn á refsiatriðinu í málinu.

4. Þá hefir héraðsdómarinn dæmt hina þrjá framannefndu aðilja in solidum til að greiða föður drengsins málskostnað, eins og málið væri einkamál og hann sækjandi þess, enda virðist héraðsdómarinn hafa haft allóljósa hugmynd um, að hér væri um opinbert mál að tefla, jafn vel þótt hann hefði í þinghaldinu 10. marz 1934 tilkynnt aðiljum, að mál yrði höfðað gegn þeim af hálfu valdstjórnarinnar. Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms verður því að fella úr gildi.

5. Hefir héraðsdómarinn dregið dómsuppsögu í málinu frá 28. apríl 1934 til 25. júní s. á. án þess að réttlæta þann drátt.

6. Loks hefir héraðsdómarinn vanrækt að tilkynna kærða, að krafa yrði gerð á hendur honum um greiðslu sakarkostnaðar í máli því, er höfðað mundi gegn honum af hálfu valdstjórnarinnar. Sakir þessarar yfirsjónar dómarans verður kærði ekki dæmdur til að greiða sakarkostnað í máli þessu, hvorki í héraði né fyrir hæstarétti. En sakir téðrar yfirsjónar og með hliðsjón af hinni gölluðu meðferð dómarans á málinu þykir rétt að dæma hann, með tilvisun til 35. gr. tilsk. 3. júní 1796, til að greiða allan sakarkostnað í héraði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin mál-

flutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

**Því dæmist rétt vera:**

Kærði, Sigurgeir Sigurðsson, greiði 100 kr. sekt í ríkissjóð, og komi 7 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Svo greiði kærði Helga Stefánssyni f. h. Stefáns Helgasonar kr. 8517.60 með 5% ársvöxtum frá 10. marz 1934 til greiðsludags.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um bótaskyldu Helga Árnasonar og váttryggingarfélagsins „Baltica“ á að vera ómerkt, og vísast bótakröfu á hendur þessum aðiljum ex officio frá héraðsdómi.

Ennfremur á ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu málskostnaðar að vera ómerkt.

Steingrímur Jónsson, fyrrverandi bæjarfógeti á Akureyri og sýslumaður í Eyjafjarðarsýslu, greiði allan kostnað sakarinnar í héraði, svo og allan áfrýjunarkostnað hennar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Sveinbjarnar Jónssonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Að morgni 4. ágúst f. á. stansaði ákærður Sigurgeir Sigurðsson bifreið sína E 13 fyrir neðan bæinn á Þórustöðum í Öngulstaðahreppi til þess að taka þar mjólkurbrúsa og ennfremur engjafólk, sem hann var vanur að flytja á morgnana út í svokallaða Staðarey. En er bifreiðin fór á stað aftur var drengurinn Stefán Helgason staddur uppi á bifreiðarpallinum að hagræða dóti engjafólksins og var hann að fara ofan af bifreiðinni er hún fór af stað. Valt hann þá útaf bifreiðinni ofan á veginn og fór vinstra afturhjólíð yfir hægri fót hans þannig að báðar pípurnar brotnuðu neðan við miðjan legginn. Lá drengurinn á sjúkrahúsi til 22. okt. f. á. Var hann þá gróinn, en fóturinn stytur um 1½ cm. og telur læknir hæpið að fóturinn verði jafngóður.

Var réttarrannsókn síðan hafin samkvæmt kröfu föður hins meidda drengs 25. okt. f. á. og að þeirri rannsókn lokinni og eftir að umboðsmaður ábyrgðarfélagsins Baltica, en þar er bifreiðin E 13 váttryggð fyrir slysum, hafði átt kost á að bera fram vörn í málinu, var mál þetta höfðað af hálfu valdstjórnarinnar gegn hinum kærðu og váttryggingarfélaginu Baltica.

Faðir hins meidda drengs hefir fyrir hans hönd gert þær dómkröfur, að þeir bifreiðarstjórinn Sigurgeir Sigurðsson, en hann kveðst hafa verið eigandi bifreiðarinnar E 13 er slysið vildi til, fyrrverandi eigandi bifreiðarinnar Helgi Árnason, er hafði váttryggt hana, og váttryggingarfélagið Baltica, þar sem bifreiðin var váttryggð fyrir slysum eða K-E-A- Akureyri, sem umboðsmaður þess og fyrir þess hönd verði in solidum dæmdir til að greiða honum sem fullar skaðabætur fyrir tjón það, sem af slysinu hlaust og til lækningar sjúkrakostnaði er af því leiddi kr. 8517.60 ásamt 5% ársvöxtum frá 10. marz þ. á. að telja og ennfremur málskostnað eftir mati réttarins.

Umboðsmaður váttryggingarfélagsins hefir hinsvegar krafizt að félagið og meðstefndu verði algerlega sýknaðir og þeim tildæmdur hæfilegur málskostnaður.

Kærandinn byggir dómkröfu sína á því, að óvarkárni bílstjórans Sigurgeirs Sigurðssonar hafi verið orsök þess að slysið vildi til.

En upphæð skaðabótakröfunnar miðast annars vegar

við það að mjög litlar líkur eru til að drengurinn, sem fyrir slysinu varð, verði nokkurn tíma jafngóður, en hinsvegar við sjúkrakostnað þann er af slysinu leiddi, þjángingar drengsins og kviða og óþæginda á heimili hans.

Umboðsmaður váttryggingarfélagsins Baltica krefst fyrst og fremst að félagið verði sýknað af kröfum kærandsins fyrir þá sök, að kærandinn aðeins eigi aðgang að eiganda bifreiðarinnar; en verði hann dæmdur til að greiða skaðabætur geti verið að hann eigi aftur aðgang að váttryggingarfélaginu.

En jafnframt krefst hann sýknu bæði fyrir félagið og ákærðan Sigurgeir Sigurðsson og Helga Árnason og rökstyður þá kröfu sína með því að bifreiðarstjórinn hafi ekki gert sig sekan í nokkurri óvarkárni eða vanrækslu, heldur hafi slysið orsakast af ófyrirgefanlegri óvarkárni og vanrækslu drengsins sem fyrir slysinu varð, og heimilisfólks hans, er í bifreiðinni var.

Að athuguðum gildandi lagaákvæðum og reglugerðum um bifreiðatryggingar verður lögreglurétturinn að líta svo á, að váttryggingarfélagið sé jafnan í solidariskri samabyrgð með eiganda bifreiðar, er í því er tryggð, fyrir tjóni er orsakast af akstri hennar og getur því sá, er fyrir tjóninu verður, snúið sér beint að váttryggingarfélaginu með skaðabótakröfur sínar, enda myndi váttryggingarákvæðin að öðrum kosti verða í mörgum tilfellum þýðingarlaus.

Af rannsókn málsins verður eigi séð að vítaverð óvarkárni drengsins eða fólks þess, er með honum var, hafi orsakað slysið eða að hann eða einhver þriðji maður hafi af ásettu ráði verið valdur að því.

Hinsvegar verður lögreglurétturinn að líta svo á, að bifreiðarstjórinn hafi gert sig sekan í mjög athugaverðri óvarkárni með því að fullvissa sig ekki um áður en hann ók af stað, að allt væri í lagi á bifreiðarpallinum, og verður að telja að þessi vanræksla hafi orsakað slysið, þá lítur og út fyrir að bifreiðarstjórinn hafi farið óþarflega og óhæfilega hart á stað, er slysið vildi til.

Samkvæmt því, sem þannig er sagt ber að dæma kærðu ásamt váttryggingarfélaginu Baltica h. f. til að greiða in solidum hæfilegar bætur fyrir tjón það er drengurinn, Stefán Helgason, hefir orðið fyrir, sem afleiðing af slysinu fyrir neðan Þórustaði í Öngulstaðahreppi 4. ágúst 1933

ásamt 5% ársvöxtum af upphæðinni frá 10. marz 1934 að telja.

Undir rekstri málsins hefir verið lagður fram reikningur yfir sjúkrahúskostnað drengsins að upphæð kr. 517.60, er ekki hefir verið mótmælt. Ber því að dæma kærðu ásamt váttryggingarfélaginu til að greiða þá upphæð ásamt 5% ársvöxtum.

Að athuguðum málavöxtum telur lögreglurétturinn skaðabætur til hins meidda drengs að öðru leyti hæfilega ákveðnar 5000 kr.

Það hefir ekki komið fram krafa frá aðilum um að bifreiðarstjórinn verði sektaður og virðist lögregluréttinum ekki eftir þeim upplýsingum, sem fram eru komnar, ástæða til að dæma hann til sektargreiðslu.

Loks ber að dæma kærðu ásamt váttryggingarfélaginu Baltica h/f til að greiða kærandanum Helga Stefánssyni málskostnað, er virðist hæfilega ákveðinn 250 krónur.



Miðvikudaginn 20. maí 1936.

Nr. 4/1936. **Guðmundur Björnsson**  
(Eggert Claessen)  
gegn

**Búnaðarbanka Íslands f. h. viðlagasjóðs** (Einar B. Buðmundsson).

Skuldamál. Vörnum, er áfrýjandi hafði í frammi gegn skuld samkv. veðskuldabréfi, ekki talið rétti-lega beint að stefnda.

*Dómur gestaréttar Reykjavíkur 12. okt. 1935:* Stefndur, Guðmundur Björnsson, greiði stefnandanum, Búnaðarbanka Íslands vegna viðlagasjóðs, kr. 57988.00 með 5% ársvöxtum frá 13. okt. 1929, og kr. 1884.00 í málskostnað allt innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.